

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

8. tbl. 2. árg.

2. september 2024



Danski Eurovisionfarinn Jørgen Olsen sigraði hug og hjörtu viðstaddra á bryggjuballi á Dönskum dögum.

### Mikil ánægja með Danska daga

Dagana 15.-18. ágúst fór fram 30 ára afmælishátíð Danskra daga. Mörg þúsund manns sóttu Hólminn heim af því tilefni og var ekki annað að sjá en fólk væri hæstánægt með hátíðarhöldin. Dagskráin var þétt og fjölbreytt svo allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Af

tilefni afmælisins var margt í dagskránni sem minnti á gamla tíma og upphafsár Dönsku daganna. Hverfagrillin voru á sínum stað og víða var mikið púður lagt í skreytingar og umgjörð þeirra. Bærinn iðaði af blómlegu mannlífi alla helgina enda nóg um að vera. Boðið

var upp á markaðstorg, tivoli, uppboð, tónlistaratriði og margt fleira. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, tók þátt í hátíðarhöldum og ávarpaði hátíðargesti á hafnartónleikum á laugardeginum. Einn af hápunktum helgarinnar var þegar danski kappinn Jørgen Ols-

en, sem sigraði Eurovision eftirminnilega árið 2000, steig á stökk á bryggjuballi og hlaut höfðinglegar móttökur. Að loknu bryggjuballi var boðið upp á glæsilega flugeldasýningu sem skotið var upp frá Súgandisey.

## Íbúafundur vegna skipulagsmála



Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi, gerir grein fyrir málinu.

Opinn kynningarfundur varðandi breytingar á aðalskipulagi Helgafellssveitar og nýtt deiliskipulag fyrir Vigrholt var haldinn á Amtsbókasafninu þann 15. ágúst síðastliðinn. Á

fundinum gerði Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Vigrholts ehf., grein fyrir deiliskipu-

laginu, aðalskipulagsbreytingu og áætlaðri uppbyggingu á svæðinu. Í gildandi aðalskipulagi er heimild fyrir byggingu 93 sumarhúsa á svæðinu en breytingin felur m.a. í sér að lækka heimild fyrir byggingu frístundahúsa niður í 33 og breyta landnotkun úr frístundabyggð og landbúnaði í frístundabyggð, íbúðarbyggð og verslun og þjónustu. Fyrirhugað er að reisa allt að tíu íbúðarhús á svæðinu auk frístundahúsa, þar að auki gera áætlanir ráð fyrir reilsulegu hóteli á svæðinu.


### Fjármála- og skrifstofustjóri



Sveitarfélagið Stykkishólmur leitar að kraftmiklum fjármála- og skrifstofustjóra með mikla samskiptafærni. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, vandaður í vinnubrögðum ásamt því að hafa ríkan vilja til að taka þátt í að efla innra og ytra starf og þjónustu sveitarfélagsins. Fjármála- og skrifstofustjóri stýrir fjármálum sveitarfélagsins og er yfirmaður á bæjarskrifstofu. Starfið er mjög fjölbreytt og tekur skrifstofu- og

fjármálastjóri virkan þátt í stjórnun og stefnumótun sveitarfélagsins ásamt því að leiða margþætt verkefni er varða stjórnsýslu og fjármál á tímum framfara og þróunar. Skrifstofu- og fjármálastjóri er staðgengill bæjarstjóra. Umsóknarfrestur er til og með 2. september 2024. Nánari upplýsingar um starfið veitir: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri, jakob@stykkisholmur.is, s. 433 8100.

### Skólastarf hefst á ný



Grunnskólinn í Stykkishólmi var settur miðvikudaginn 21. ágúst síðastliðinn en kennsla hófst samkvæmt stundartöflu daginn eftir.

Leikskólinn iðar nú af lífi eftir sumarfríð og starf í Tónlistarskóla Stykkishólms hefst þriðjudaginn 3. september.

## Viðgerð á vaðlaug lokið



Framkvæmdum við vaðlaug lokið

Í sumar var ráðist í viðhaldsframkvæmdir á Sundlaug Stykkishólms. Eftir að framkvæmdir hófust var ákveðið að skipta um yfirborðsefni

í vaðlauginni líka í ljósi þess að flísar á henni voru orðnar lélegar. Eftir að flísar voru fjarlægðar komu í ljós skemmdir á steypu og var undir-

búningsvinna því tímafrekari en áætlað var. Verkefnið dróst svo á langinn vegna verkefnastöðu hjá verktaka. Þá þurfti einnig að byggja

yfir laugina til að forða henni frá bleytu á meðan framkvæmdum stóð. Verkinu er nú lokið og búið að opna vaðlaugina á ný.

## Bæjarstjórn samþykkir gjaldfrjálsar skólamáltíðir



Bæjarstjórn Stykkishólms samþykkti þann 27. júní síðastliðinn, að skólamáltíðir í Grunnskólanum í Stykkishólmi verði gjaldfrjál-

sar frá og með haustönn 2024, gegn því að fyrir liggi útfærsla ríkisins á leið til að skólamáltíðir barna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024

líkt og boðað hefur verið. Á fundinum var lögð fram áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024. Sú yfirlýsing var gerð til að greiða fyrir gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði með það að markmiði að kveða niður vexti og verðbólgu. Skorað var á sveitarstjórnir um allt land að taka þátt og sína samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga. Bæjarstjórn samþykkti einnig lækun á gjaldskrá

sveitarfélagsins vegna þjónustu leikskóla og grunnskóla þannig að síðasta hækkun á gjaldskrá verði 3,5% í stað þeirrar hækkunar sem ákveðin var síðasta haust til samræmis við yfirlýsingar ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024, en sú hækkun nam 6,9%. Lækunin tók gildi 1. ágúst síðastliðinn. Er það von bæjarstjórnar að með þessu hafi sveitarfélagið lagt sitt af mörkum til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu.

## Heimsókn forseta Íslands í Stykkishólm



Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, á Dönskum dögum.

Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, heimsótti Stykkishólm af tilefni 30 ára afmælis Danskra daga laugardaginn 17. ágúst síðastliðinn. Halla tók þátt í hátíðarhöldum ásamt eiginmanni sínum, Birni Skúlasyni. Bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar tóku á móti þeim hjónum og kíktu með þeim í kvenfélagskaffi í Freyjulundi. Þar þágðu forsetahjónin kaffi og léttar veitingar frá kvenfélaginu og spjölluðu við viðstadda. Að kaffinu loknu lá leið forseta í Norska húsið. Þar sagði Anna Melsted, sýningarstjóri, stuttlega frá nýrri grunnsýningu á miðhæð hússins „Hjartastaður - Sjóndeildarh-

ringurinn með augum ungs fólks á Snæfellsnesi frá 1900“. Þar að auki skoðaði forseti sýninguna Leirlist og Textíll eftir Elísabetu Haraldsdóttur og Þorbjörgu Þórðardóttur. Þá var gengið frá Norska húsinu yfir í

Tang og Riis. Á leiðinni sagði Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi, frá gömlu húsunum í miðbænum og skipulagi bæjarins. Ingibjörg Ágústsdóttir, listakona, tók á móti forseta í Tang og Riis og lóðsaði um sýningu ellefu listamanna í gamla frystihúsinu. Þaðan var svo gengið niður á bryggju þar sem fjöldi íbúa og gesta bæjarins voru viðstaddir hafnartónleika. Þegar hljómsveitin Glymur hafði lokið sér af flutti Jakob Björgvin, bæjarstjóri, ávarp þar sem hann fór stuttlega yfir upphaf og sögu Danskra daga. Meðal annars talaði bæjarstjóri um þær breytingar sem hátíðin hefur gengið í gegnum og hvatti íbúa til samtals um hvor tímasetningin hentar hátíðinni betur, júní eða ágúst. Þá skilaði bæjarstjóri einnig þökum til þeirra sem báru þungann af skipulagningu hátíðarinnar,

styrktu hana eða komu að undirbúning með einum eða öðrum hætti. Undirbúningsnefnd Danskra daga skipuðu þau Hjördís Pálsdóttir, Kristjón Daðason, Ólöf Inga Stefánsdóttir, Björn Ásgeir Sumarliðason og Þorbjörn Geir Ólafsson. Að lokinni ræðu bæjarstjóra flutti Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, hátíðarkveðju. Í kveðju sinni hrósaði forseti Hólmurum fyrir snyrtilegan bæ og sagði Stykkishólm að hennar mati einn af fallegustu bæjum landsins. Þótti henni hátíðarhöld tilkomumikil og gaman að sjá dönsku áhrifunum haldið á lofti. Þá kvaðst hún viss um að Hólmamar myndu tala dönsku þegar liði á kvöldið. Að lokum þakkaði hún hlýjar móttökur í Stykkishólmi og sendi sérstakar kveðjur á kvenfélagskonur og aðra Hólmara sem tóku á móti henni, sýndu sín verk og sögðu frá.



Skipulagsfulltrúi segir forsetahjónum, ásamt bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar, frá áherslum sveitarfélagsins í skipulagsmálum og varðveislu gamla húsa.

## Myndir frá Dönskum dögum 2024



Góð mæting á Leikhópin Lottu á fimmtudeginum.



Hverfagrill voru víða vel sótt.



Víða var sungið og spilað fram á nótt.



Snjólfur og Björg stjórnuðu búningahlaupi.



Þessi öflugri hópur stóð fyrir uppboði.



Hermann Hermannsson sveiflaði danska fánanum



Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, á leið á höfnina ásamt fríðu föruneyti.



Ungur maður ræður sér vart af kæti þegar bæjarstjóri flytur ræðu sína.



Bæjarstjóri reynir fyrir sér í parketlög.

## Framkvæmdir á Höfðaborg ganga vel

Framkvæmdum miðar vel á Höfðaborg en þar er unnið að því að standsetja myndarlegan sal. Búið er að brjóta niður vegg og sameina það sem áður voru

herbergi í bjartan og rúmgóðan sal. Salurinn mun meðal annars hýsa félagsstarf Aftanskins, félags eldri borgara, og er innréttur í samráði við félagið. Unnið var

að parketlög í salnum þegar bæjarstjóra bar að garði nú á dögum til að taka út framkvæmdir. Þolinmóður smiðurinn fylgdist með bæjarstjóra leggja, hægt og rólega,

niður eina parketfjöl og benti svo vinalega á að honum færi líklegast betur að vinna við skrifborð.



## Kraftur í Skógræktarfélagi Stykkishólms

Mikill kraftur er í Skógræktarfélagi Stykkishólms þessi misseri

en nú í sumar hefur göngustígakerfi í Nýræktinni vaxið mikið. Sveitar-

félagið hefur síðastliðin ár unnið með félaginu að uppbyggingu á skógræktarsvæðinu við Grensás með það að markmiði að auka útivistarmöguleika í og við Stykkishólm. Í sumar tók til hendinni sjálfbóðaliðahópur frá Skógræktarfélagi Íslands auk þess sem samfélagsflokkurinn lét til sín taka á svæðinu. Samfélagsflokkurinn samanstóð af nokkrum kraftmiklum og hraustum ungmennum úr eldri bekkjum grunnskólans og flokkstjóra þeirra, Páli Margeiri Sveinsyni. Að sögn drengjanna var vinnan við göngustígagerðina erfið en

gefandi. Þá höfðu þeir orð á því að í skóginum væri alltaf skjól og gott veður og útiveran afar skemmtilega. Víða hefur nýjum bekkjum verið komið fyrir á svæðinu sem margir hverjir eru útbúnir litlu borði sem hentar vel undir kaffi eða drykk að eigin vali. Myndin hér til hliðar var tekin þegar Björn Ásgeir, formaður Skógræktarfélagsins, gekk með bæjarráð og bæjarstjóra um svæðið nú á dögum og ræddi framtíðarform félagsins. Á myndinni er einnig hluti samfélagsflokksins sem vann þrekvirki í skóginum í sumar.



Jón Páll brýtur upp gamlar flisar og undirbýr fyrir parketlög



### Farnir að huga að haustveikum

Jón Beck Agnarsson, bæjarvektstjóri, segir ungmenni í vinnuskólanum hafa staðið sig afbragðsvel í sumar. „Við vorum virkilega heppin með mannskap í sumar, við fengum flottan hóp af sumarstarfsmönnum sem skiluðu góðri vinnu. Síðustu sumarstarfsmenn hættu núna í lok ágúst, bærinn lítur vel og nú erum við farnir að huga að þessum árlegu haustverkum.“ – sagði Jón Beck. Þessa dagana standa starfsmenn áhaldahúss í ströngu við girðingarvinnu rétt utan við bæinn. Sveitarfélagið Stykkishólmur vill koma á framfæri sérstökum þökkum til ungmenna sem tóku þátt í vinnuskólanum í sumar og annara sumarstarfsmanna sveitarfélagsins.

## Framkvæmdir í Tónlistarskóla Stykkishólms

Síðasta vetur hófu starfsmenn sveitarfélagsins aðgerðir í tónlistarskólanum með það að markmiði að bæta loftgæði í húsinu. Ráðist var í tiltekt í tæknirými og kjallara húsnæðisins ásamt viðgerðum hér og þar. Meðal annars voru dregnir upp úr kjallara tveir stórir vatnskútar og fleira sem ekki var í notkun lengur. Búið er

að skipta um neysluvatnslagnir, bæta járn á þaki, gera við sprungur og fleira. Síðastliðna daga hefur verið teppalagt í einni kennslustofu og parketlagður hluti af neðrihæð. Þar að auki er unnið að frágang á salernum í kjallara en þar hefur mikil og góð breyting orðið frá því sem áður var. Síðasta vetur

Disact húsnæðið en fyrirtækið sérhæfir sig í að bæta loftgæði og vinnur m.a. mikið í skólabyggingum um land allt. Fyrirtækið kom og gerði mælingu á loftgæðum nú á dögnum og sýna niðurstöður að þær framkvæmdir sem sveitarfélagið hefur unnið að frá því í vetur bera góðan árangur.



Gangur niður að salernum í kjallara nýmálaður og salerni máluð í hólf og gólf.

Fréttir og umbrot  
blaðsins annast  
Jón Sindri Emilsson  
aðstoðarmaður  
bæjarstjóra.

## Tiltekt á hafnarsvæði Skipavíkur

Hafnarstjórn Stykkishólms hefur undanfarin ár lagt áherslu á að gera þurfi áttak til að fegra og snyrta hafnarsvæðið við Skipavíkurhöfn, sér í lagi hvað varðar óhreyfða báta og vagna sem liggja jafnvel undir skemmdum. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Stykkishólms fjallaði jafnframt um málið á sömu nótum og benti á heimildir heilbrigðisnefndar Vesturlands til að hlutast til um að lausafjarmunir séu fjarlægðir. Á þeim grunni samþykkti hafnarstjórn að leita eftir formlegu samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands um hreinsun á hafnarsvæði Skipavíkur.

Í samræmi við framangreint fer sveitarfélagið þess á leit við eigendur báta og lausafjarmuna á svæðinu, í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, að þeir fjarlægji eigin sínar sem eru utan lóða á svæðinu. Þess er óskað að búíð verði að rýma svæði utan lóða fyrir 1. október nk. Ekki er gerð krafa um að bátar og nauðsynlegur búnaður með þeim verði fjarlægður af svæðinu hafi þeir verið í notkun á þessu (2024) eða á síðasta ári (2023). Þau atvinnutæki sem hafa verið í notkun 2023 og 2024 munu fá svæði úthlutað á hafnarsvæði Skipavíkur, en unnið er að endanlegri úrlausn og

staðsetningu bátastæða á Skipavíkursvæðinu. Eigendum báta og lausafjarmuna, sem ber að fjarlægja af svæðinu í samræmi við ofangreind tilmæli, er bent á að skipulagt gáma- og geymslusvæði við Snopu. Þar er hægt að fá pláss bæði utan og innan girðingar. Áhugasamir geta sett sig í samband við Sigurð Grétar Jónsson, umsjónarmann framkvæmda og eigna, í síma 433-8100 varðandi laust leigupláss á gáma- og geymslusvæði. Sveitarfélagið býður fram svæði við Heljarmýri sem tímabundna lausn á meðan eigendur finna búnaði sínum nýjan stað. Einnig býður sve-

itarfélagið fram lóð við Nesveg 22a sem tímabundið geymslusvæði á meðan eigendur finna eignum sínum annan stað, en það svæði er einungis ætlað bátum og búnaði sem er heillegur. Athygli er vakin á því að óheimilt er að flytja muni á ofangreind svæði án samráðs við sveitarfélagið. Þeir sem hyggjast nýta sér þessar ofangreindar bráðabirgðalausnir er bent á að hafa samband við Jón Beck, bæjarverkstjóra, en allur frágangur og staðsetningar á bátum og öðrum lausafjaramunum á ofangreindum svæðunum skal í samráði við hann.



Myndir að svæðinu.